

Titill áfanga: Íslendingasögur

Nafn áfanga: ÍSLE3CÍ05

Námsgrein: Íslenska

Viðfangsefni: Íslendingasögur

Prep: 3

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: ÍSLE2BB05 eða ÍSLE2AB10

Lýsing á efni áfangans

Í áfanganum gefst tækifæri til að kynna sér Íslendingasögur nánar. Lesnar verða a.m.k. þrjár sögur og þær brotnar til mergjar. Lögð er áhersla á nákvæman lestur, textagreiningu, innlifun og skapandi verkefnavinnu. Margs konar verkefni verða unnin í tengslum við lesturinn, bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni, munnleg jafnt sem skrifleg.

Þekkingarviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum Íslendingasagna.
- fræðilegum aðferðum við lesa og rýna í fornbókmenntir Íslendinga.
- samfélagsgerð miðalda og birtingarmynd hennar í verkunum.
- frásagnartækni og tungumáli miðalda.

Leikniviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla þekkingu sinni á þeim verkum sem lesin eru og einkennum þeirra í ræðu og riti.
- greina verkin og geta fjallað um þau á fræðilegan hátt.
- vinna úr lestrarreynslu sinni og tengja við sinn reynsluheim.

Hæfniviðmið

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í umræðu um verkin, færa rök fyrir máli sínu, taka gagnrýni og veita andsvör.
- setja sig í spor ólíkra sögupersóna frá fyrri öldum og þroska með þeim hætti lestrarupplifun sína og mannskilning sem nýtist til enn frekari lestrar og úrvinnslu á bókmenntum í framtíðinni.

Námsmat

Ekkert lokapróf er í áfanganum, krafist er mætingar, virkrar þátttöku og verkefnaskila. Verkefni eru munnleg jafnt sem skrifleg.